



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 100 ára afmælishátíð
Leikfélags Akureyrar
19. apríl 2017**

Forseti bæjarstjórnar,
formaður og foryustulið Leikfélags Akureyrar,
aðrir góðir gestir,

Það var Misskilningur á misskilning ofan fyrir um hundrað árum; einpáttungur sem þá var sýndur, fyrsta verkið á vegum hins nýstofnaða Leikfélags Akureyrar. Síðar komu Dúfnaveislan og Skuggasveinn, Gullna hliðið, Brúðuheimilið og ég gæti haldið lengi áfram. Ekki má heldur gleyma óperettum, svo sem Meyjaskemmuni og Bláu kápunni. Áhugafólk lék á fjölonum hér í höfuðstað Norðurlands en að því kom, fyrir tæpri hálfri öld, að fastráðnir leikarar stigu á svið. My Fair Lady og Fiðlarinn á þakinu, Edith Piaf og Söngvaseiður, Halló Einar Áskell og Ferðin til Panama. Á sýningar flykktust Akureyringar og nærsveitafólk, aðrir landsmenn gerðu sér líka gjarnan ferð í leikhúsið nyrðra.

Góðir áheyrendur. Ég ætla mér ekki að rekja hér sögu Leikfélags Akureyrar, öll verkin sem hafa verið sett upp, alla þá hæfu leikara, leikstjóra og annað leikhúsfólk sem hefur látið til sín taka. Ég leyfi mér þó að nefna hin merku leikskáld Eyfirðinga, Matthías Jochumsson og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, og stenst ekki mátið að bæta við Jóhanni Sigurjónssyni úr grannsýslunni. Fyrir hundrað árum stóð hann á hátindi frægðar sinnar. Það var þá sem saga Leikfélagsins hófst, fimmtudaginn 19. apríl 1917. „Leikfélag Akureyrar heitir nýstofnað félag hér í bænum er hefir það markmið að halda uppi sjónleikum og efla leiklistina eftir föngum,“ sagði eitt bæjarblaðið skömmu síðar.

Saga leiklistar hér í bæ er þó eldri. Þau eru skemmtileg frýjunarorðin sem Sveinn Skúlason, ritstjóri Norðra, birti í blaði sínu árið 1859:

... í kaupstöðum þar sem margt fólk er að staðaldri ættu smátt og smátt að komast á sýnishorn af sjónarleikjum þeim, er tíðkast hjá öðrum síðuðum þjóðum. Það er nú reyndar töluverð viðbára gegn því, að þetta komist á, að þess konar sjónarleikir þurfa miklu meiri undirbúning en aðrir leikir, töluverðan tilkostnað, og nokkuð mikill tími gengur til fyrir þeim sem leika eiga. Auk þessa þarf hentugt húsrúm og sjónarleikatjöld, sem töluvert kosta. Þó má nú byrja allt þess konar með litlu, og ef inngöngueyrir er tekinn, verður sú raunin optast á, að nógir verða til að sjá, svo leikirnir borga þannig sjálfir tilkostnaðinn.

Næstu áratugi voru sjónleikir vissulega settir á svið og leikfélag meira að segja stofnað. Fyrsta félagið varð ekki langlíf en það næsta fagnar nú aldarafmæli, eina atvinnuleikhús landsins utan höfuðborgarsvæðisins. „Sjónarleikatjöldin“ eru uppi og húsrúmið tryggt, samkomuhúsið fallega á Barðsnefi, eitt helsta kennileiti Akureyrar.

Leikfélagið lifir góðu lífi, þótt á ýmsu hafi gengið í gegnum tíðina. Nú nýtur það stuðnings Akureyrarbæjar á grunni samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið og vinnur innan vébanda Menningarfélags Akureyrar, ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarfélaginu Hofi. Framtíðin ætti að vera björt, skal vera björt. Ég fékk að glugga í stefnumótun leikfélagsins. Hún vitnar um metnað, bjarta framtíðarsýn:

Aðgengi, mennska, hlutdeild, fjölbreytileiki, forvitni og gjafmildi eru vörður sem Leikfélagið hefur að leiðarljósi í þeirra víðasta skilningi í allri sinni starfsemi. Það framleiðir metnaðarfulla dagskrá sem hefur að leiðarljósi nýsköpun í sviðslistum, að færa sígild skáldverk nær áhorfendum í dag og þannig skapa ný samfélagsleg verðmæti. Leikfélagið ræktar hæfileika ungs listafólks í frumsköpun í sviðslistum og er gróðurhús fyrir hugmyndir, staður þar sem draumar geta ræst. Rödd ungs fólks er mikilvæg og ungu fólki skal gefið tækifæri til að eiga stefnumót við áhorfendur. Spurningum og rannsóknum borgaranna er gefinn snertiflötur við sitt samfélag í verkefnum Leikfélags Akureyrar. Þess er gætt til hins ýtrasta að kynjahlutföll í verkefnum og ráðningum tengdum sviðsetningum séu jöfn og að verkefni og framleiðsla sé ekki vettvangur hatursorðræðu. Listrænum stjórnendum er falið að gæta umhverfissjónarmiða við sviðsetningu listviðburða. Tillit skal tekið til vistspors og sóun á hráefnum skal vera í lágmarki.

Góðir áheyrendur, svona á gott leikhús að vera. Af því að ég minntist þriggja karla áðan, stórskáldanna Matthíasar, Davíðs og Jóhanns Sigurjónssonar, horfi ég sérstaklega til orðanna um kynjahlutföll; vonandi mun þessi stefnumótun brýna kvenskáld Norðurlands til dáða. Leikhúsið á að vera baráttuvöllur frelsis og jafnréttis, hugrekki og víðsýni. Það á að vekja okkur til að hugsa, dást að lífinu, elska lífið, hlæja og tárast, stugga við réttlætiskenn

okkar og samvisku. Það á að vera í nánnum tengslum við samfélagið, það má ögra en það má líka dilla okkur. Og skemmtunin er höfuðatriði, ekki dægrastytting heldur lifandi gleði. Í Bréfi til Láru orðaði Þórbergur Þórðarson þá hugsun á skarpan og eftirminnilegan hátt: „Sá sem veitir mannkyninu fegurð er mikill velgerðarmaður þess. Sá sem veitir því speki er meiri velgerðarmaður þess. En sá sem veitir því hlátur er mestur velgerðarmaður þess.“

Ég óska Leikfélagi Akureyrar hjartanlega til hamingju með árin hundrað á fjölnum. Megi því vegna vel um ókomna tíð.